



**323. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 11. maí kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Fyrirkomulag fundar**

Forseti og framkvæmdastjóri fóru yfir fyrirkomulag fundarins, sem varð að vinnufundi stjórnar eftir afgreiðslu 2. dagskrárliðar.

##### **2. Fundargerðir**

**Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:**

- 322. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí
- 2. fundar laganefndar ÍSí frá 6. maí 2022. Tillögur laganefndar ÍSí að afgreiðslu mála skv. fundargerð staðfestar.

##### **3. Stefnumótun og skipulag**

Einar Þór Bjarnason ráðgjafi leiddi stefnumótunarvinnu með fundarmönnum, um framtíðarsýn ÍSí og skipulag skrifstofu.

Lögð voru fram drög að framtíðarsýn ÍSí og voru ýmsar hugmyndir þar að lútandi rýndar og ræddar. Farið var í gegnum ýmsar umræðukveikjur og var unnið í tveimur hópum hluta tímans. Að lokinni hópavinnu kynntu hóparnir niðurstöður sínar og voru þær ræddar. Einnig var farið yfir áherslur skrifstofu.

Góður samhljómur var meðal fundarmanna um megininntak og áherslur í framtíðarsýn og varðandi skipulag skrifstofu.

Einar Þór mun vinna úr niðurstöðunum í samráði við forseta, framkvæmdastjóra með aðkomu fleiri aðila úr framkvæmdastjórn og verða afurðirnar kynntar á næsta fundi stjórnar, sem boðaður verður fljótlega.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir